HVAÐ ER AÐ GERAST UM HELGINA?

Pepsi-skemmtun í Regnboganum

Á MORGUN kl. 13 gengst gosdrykkja- og aldingerðin Sanitas hf. fyrir barnaskemmtun — Pepsí-skemmtun — í A-sal Regnbogans í tilefni af 75 ára afmæli fyrirtækisins.

Boðið verður upp á teiknimyndir og myndir um knattspyrnuhetjuna Pele.


Aðgangur er ókeypis. Við innganginn fá börnin ókeypis happdrættismiða og í hléi fá þau veitingar sér að kostnaðarlausu.

NÝJA GALLERÍIÐ:


Magnús Þórarinsson opnar sýningu

Í DAG opnar Magnús Þórarinsson sýningu á verkum sínum í Nýja galleríinu að Laugavegi 12.

Á sýningunni eru rúmlega 50 olíu- og vatnslitamyndir, aðallega landslagsmyndir. Að auki sýnir Magnús 60 ámálaða platta úr tré úr Hallormsstaðarskógi — í tilefni af ári trésins. Sýningin stendur til 12. desember og er opin frá kl. 10—12 og 13—17 daglega, nema fimmtudaga, en þá er opið til kl. 22.



Frá sýningu Magnúsar Þórarinssonar sem opnuð verður í dag í Nýja galleríinu, Laugavegi 12.



Arnar Jónsson, Hákon Waage og Gunnar Eyjólfsson í hlutverkum sínum í „Nóttu og degi".

Á FJÖLUNUM:

„Nótt og dagur" í Þjóðleikhúsinu

Í KVÖLD og annað kvöld sýnir Þjóðleikhúsið Nótt og dag eftir Tom Stoppard, en það var frumsýnt á fimmtudagskvöld.

Leikritið er spennandi og hnyttið, en það fjallar í aðalatriðum um blaðamennsku og gerist í ímynduðu Afríkuríki þar sem borgarastyrjöld er á næsta leiti. Gísli Alfreðsson er leikstjóri og leikmyndin er eftir Gunnar Bjarnason. Með hlutverk fara Arnar Jónsson, Hákon Waage, Gunnar Rafn Guðmundsson, Anna Kristín Arngrímsdóttir, Gunnar Eyjólfsson, Róbert Arnfinnsson, Randver Þorláksson og Valdimar Hannesson.

Þá sýnir Þjóðleikhúsið á Litla sviðinu leikrit Valgarðs Egilssonar sem vakið hefur mikla athygli og hefur verið uppselt á allar sýningarnar hingað til. „Dags hríðar spor" nefnist leikritið. Leikstjóri er Brynja Benediktsdóttir en leikmynd gerði Sigurjón Jóhannson.

Síðustu sýningar á Óvitum

Í dag og á morgun verða síðustu sýningarnar á Óvitum, barnaleikriti Guðrúnar Helgadóttur. Leikritið var frumsýnt fyrir réttu ári síðan og hafa einungis leikir Torbjörns Egners fundið meiri hljómgrunn meðal íslenskra barna til þessa. Foreldrar og annað fullorðið fólk hefur einnig sótt þessa sýningu vel, enda á leikritið erindi til allra með boðskap sinn. Leikstjóri Óvita er Brynja Benediktsdóttir og leikmyndin er eftir Gylfa Gíslason.

Með stærstu hlutverkin fara Sigurður Skúlason, Randver Þorláksson, Saga Jónsdóttir, Halldóra Geirharðsdóttir, Hreiðar Ingi Júlíusson, Margrét Örnólfsdóttir, Hermann Stefánsson, Steinunn Ólína Þorsteinsdóttir, Guðrún Glódís Gunnarsdóttir og Benedikt Erlingsson.

VÍSNAVINIR Á AKUREYRI:

Halda tónleika og vísnakvöld



Þessi mynd var tekin af fjórum Vísnavinum á Austfjarðareisu 1978, f.v.: Gísli Helgason, Jakob S. Jónsson, Guðmundur Árnason og Hanne Juul, en hún var aðalhvatamaður að stofnun félags Vísnavina.

Í KVÖLD kl. 20 gangast Vísnavinir fyrir tónleikum og vísnakvöldi í Dynheimum á Akureyri.

Önnur samkoma þeirra nyrðra verður í Sjálfstæðishúsinu kl. 16 á morgun. Ferð þessi er öðrum þræði farin í því skyni að stofna félag vísnavina á Akureyri, ef áhugi heimamanna reynist vera fyrir hendi.

Meðal þeirra sem fram koma á þessum samkomum Vísnavina eru Bergþóra Árnadóttir, Texas-tríóið sem leikur sveitasöngva, Jóhannes Hilmisson sem syngur gamanvísur eftir föður sinn, Hilmi Jóhannesson, og væntanlega eftir sjálfan sig einnig, og Ásberg Sigurðsson sem flytur frumsamið efni.



Jerker Engblom

NORRÆNA HÚSIÐ:

Sænskur vísnasöngvari í Norræna húsinu

SÆNSKI vísnasöngvarinn Jerker Engblom kemur fram í Norræna húsinu á morgun kl. 17, og syngur þá m.a. lög eftir Bellmann, Evert Taube og Birger Sjöberg.

Jerker Engblom býr í Karlstad og kennir sænsku við menntaskóla þar. Hann var lengi lektor í sænsku við háskólann í Pennsylvaníu. En jafnframt kennarastarfi sínu hefur hann lengi komið fram sem vísnasöngvari og er þekktur í heimalandi sínu og erlendis sem ágætur Bellmann- og Birger Sjöberg-túlkandi. Hann hefur sungið inn á hljómplötur og oft komið fram í útvarpi og sjónvarpi í Svíþjóð.

Sýningar um helgina

Kjarvalsstaðir: Jón E. Guðmundsson sýnir höggmyndir úr tré, málverk, vatnslitamyndir og teikningar í austursal. Sýningunni lýkur annað kvöld. Guðmundur Björgvinsson sýnir 55 pastelteikningar og 45 prentlita- og tússmyndir í vestursal. Sýningunni lýkur annað kvöld.

Listasafn Íslands: Yfirlitssýning á verkum Svavars Guðnasonar. Sýningunni lýkur annað kvöld.

Norræna húsið: Finninn Pentti Kaskipuro sýnir grafíkmyndir í anddyri. Sýningunni lýkur annað kvö.d.


Gallerí Langbrók: Sigrún Eldjárn sýnir blýantsteikningar með vatnslitaívafi. Sýningin er opin virka daga frá kl. 12—18 og stendur til 5. desember. Ennfremur verður opið þar í dag og á morgun frá kl. 14—18.

Nýlistasafnið, Vatnsstíg 3B. Bókasýning. Sýndar bækur eftir 100 listamenn, bæði úrval íslenskra bóka sem Árni Ingólfsson hefur valið, og úrval frá „Other books an so," safnbúð í Amsterdam. Opið frá kl. 16—20 á virkum dögum, en 14—20 um helgar. Sýningin stendur til 14. desember.

Ásmundarsalur: Jörundur Pálsson sýnir 40 vatnslitamyndir og 5 eftirprentanir. Sýningin er opin frá kl. 14—21 daglega og stendur til þriðjudags, 2. desember.

Epal, Síðumúla 20. Textilhópurinn sýnir tauþrykk. Sýningin stendur fram í miðjan desember. Opið í dag frá 10—12, en annars á verslunartíma.


Bergstaðastræti 15: Þýski myndlistamaðurinn Rudolf Weissauer sýnir vatnslita-, pastel- og grafíkmyndir. Sýningin er opin frá kl. 14—18 alla daga um óákveðinn tíma.



Eitt af verkum Sigrúnar Eldjárn á sýningu hennar í Gallerí Langbrók. Um myndir sínar segir Sigrún m.a.: „Grunntónninn á bak við myndirnar er þó kannski sá að draga fram jákvæðar og bjartsýnislegar hliðar á umhverfinu og smáatriðum sem koma fólki við."



Sýningu Jóns E. Guðmundssonar í austursal Kjarvalsstaða lýkur um helgina. Hann sýnir þar höggmyndir úr tré, málverk, vatnslitamyndir og teikningar. En þekktastur er Jón fyrir brúðuleikhúsið. Um það sagði hann m.a. í viðtali við Mbl.: „Ég byrjaði að sýna hér heima í Alþýðuhúsinu við Hverfisgötu, árið 1954, og átti erfitt uppdráttar í byrjun. Menn héldu að ég væri eitthvað skrýtinn að vera að stússa í þessu. En úr því hefur ræst, og ég vona að brúðuleikhús fái fastan sess í framtíðinni hérna hjá okkur. Hvarvetna erlendis þykir sjálfsagt að hafa sérstakan sal fyrir slíka starfsemi í öllum meiri háttar myndlistarhúsum."



Guðmundur Björgvinsson á sýningu sinni í vestursal Kjarvalsstaða.